

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/2233*  
*komudagur 7.5.2012*

Til nefndarmanna í atvinnuveganefnd Alþingis!

Hún er mikil undrun mín og hneykslun á því að nokkur þingmaður láti sér til hugar koma að leggja því lið að skemma jarðhitasvæðið á Reykjanesfölkvangi. En þannig er það nú samt að hluti ykkar er í alvöru að velta þessu fyrir sér.

Minnist þið þess að eitthvað í máli ykkar í aðdraganda síðustu kosninga til Alþingis hafi gefið mér og öðrum, sem þið reynduð að sannfæra um ágæti ykkar, vísbendingar um að jarðhitasvæðinu á Reykjanesfölkvangi stafaði hættu af því að ykkur yrði fengið löggjafarvaldið í hendur?

Í gær, sunnudag, gengu nærri 100 samlandar ykkar um Reykjanesfölkvang og nutu leiðsagnar Ellerts Grétarssonar. Mér skilst að þið hafið fengið boð um að taka þátt í göngunni um svæðið sem þið hafið í höndum ykkar hvort lifir eða verður eyðilaggt. Þór Saari, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og Birgitta Jónsdóttir tóku þátt í göngunni og útiverunni. Hvað tafði ykkur hin?

Margur þingmaðurinn notar orðasambandið sjálfbær þróun til að skreyta mál sitt og hugtakið sjálfbærni til að gefa eigin fyrirætlunum hæstu einkunn. En veltið fyrir ykkur hvað hugmyndafræðin um sjálfbæra þróun segir um fyrirhugaðar skemmdir stjórnvalda á Reyjanesskaganum, þ.m.t. jarðhitasvæðinu á Reykjanesfölkvangi; hugið að öllum stöðum hugmyndafræðinnar og samspili þeirra á milli.

Hér er bók Ellerts Grétarssonar, leiðsögumanns og ljósmyndara, með myndum af náttúrunni sem þið hafið ekki siðferðislegt leyfi til að taka ákvörðun um að eyðileggja þótt sum ykkar teljið hvert öðru trú um annað: <http://issuu.com/ellertg/docs/nsvel>

Margir binda vonir við að næststærsta útflutningsgrein þjóðarinnar, sem er ferðaþjónusta, vegi þungt og eigi eftir að vega enn þyngra í því að gera þjóðinni kleift að vinna sig út úr kreppunni. Það er náttúran og aftur náttúran sem laðar næstum 9 af hverjum 10 erlendum ferðamönnum til landsins. Spyrjið ykkur og svarið hvað verður um atvinnugreinina ferðaþjónusta ef fyrirætlanir sumra ykkar, um að eyðileggja það sem atvinnugreinin reisir tilvist sína á, ganga eftir. Vinsamlegast birtið svarið opinberlega fyrir mig og aðra áhugasama að skoða og ígrunda.

Fyrirætlanir stjórnvalda eru ekki bara að festa í lög eyðileggingu á háhitasvæðinu á Reykjanesfölkvangi heldur einnig aðra eyðileggingu og á öðrum landsvæðum. Náttúran sem verður fyrir eyðileggingunni, sem og öll önnur náttúra landsins, er undirstaða atvinnugreinarinnar ferðaþjónusta. Hvað segir það ykkur?

Hvað er það á vinnustaðnum ykkar sem veldur því að svo fáir vinnufélaga ykkar vilja eða þora að lána landinu sínu röddina sína?

Samkvæmt upplýsingum staðkunnugra þá komu síðastliðið sumar að meðaltali daglega 1.000 ferðamenn, innlendir og erlendir, til að kynna sér og ganga um háhitasvæðið á Reykjanesfölkvangi. Þið sem viljið greiða því atkvæði að fölkvangurinn verði skemmdur með virkjunum gerið næsta örugglega ráð fyrir því að svæðið haldi áfram að laða til sín ferðamenn, er það ekki? En það verður ekki náttúrusýnin sem laðar að, eins og þið sennilega áttið ykkur á, heldur stóriðjusýnin. Hvað gera áætlanir stjórnvalda ráð fyrir að margir ferðamenn, innlendir og erlendir, komi daglega til að njóta skertrar sýnar vegna raflína og rafspennumastra?

Eins og þið þekkið þá varðveitir náttúran sögu og menningu íslensku þjóðarinnar, m.a. Eldvörp. Gígaröðin er einstakt, jarðfræðilegt fyrirbæri og sambærilegt við Lakagíga. Hugsanlega verður innan

skamms skipulögð gönguferð um Eldvörp. Haldið þið ekki að þið hefðuð gott af því að taka þátt í göngu með samlöndum ykkar og finna hvað öllum almenningi á Íslandi þykir vænt um landið sitt?

Í lokin, viljið þið biðja ráðherrana um að láta ykkur hafa af skúffufénu þeirra svo þið getið látið prenta kort af Reykjanesskaganum eins og rammaáætlun stjórnvalda ætlar Reykjanesskaganum að líta út. Kort af Reykjanesskaganum með 16 jarðvarmavirkjunum, borstæðum, hitaveiturörum, rafmöstrum, rafmagnslínunum, vegum, lónum, stálgrindamöstrum og neti háspennulína.

Helga Garðarsdóttir